

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1792  
komudagur 3.5. 2005



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 2. maí 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum, 708. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Fjármagn er ein helsta forsenda þess að fyrirtæki komist á legg og þar með fyrir vexti og viðgangi atvinnulífsins.

Nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eiga oftast en ekki erfitt með að nálgast áhættufjármagn af ýmsum ástæðum. Virkt markaðstorg af því tagi sem hér er lagt til að verði sett á fót getur verið til þess fallið, ef vel tekst til, að bæta að einhverju marki úr þeim vanda.

Mikilvægt er að búa þannig um hnúta að reglur þær sem verða settar um viðskipti og skráningu á torginu verði einfaldar og skilvirkar svo lítil fyrirtæki geti skráð sig á torginu án þess að sligast undan þeim kröfum sem gerðar verða til þeirra. Sjálfsagt og eðlilegt er að tryggja lágmarksupplýsingar fyrir fjárfesta og að fulls jafnræðis sé gætt milli þeirra.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að haft verði náið samráð við hagsmunaaðila um nánari útfærslu þessa máls, ekki síst þau fyrirtæki sem markaðstorgið er hugsað fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri